

03/05/2010 Stjórnvaldssekt vegna brota gegn 1. mgr. 122. gr., 2. mgr. 128. gr. og 129. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins tók þann 13. janúar 2010 ákvörðun um að sekta Marel Food Systems hf. vegna brota gegn 1. mgr. 122. gr., 2. mgr. 128. gr. og 129. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Þann 25. september 2009 birti Marel Food Systems hf. (Marel) tilkynningu um að sjóðir á vegum Columbia Wanger Asset Management (Columbia) hefðu fest kaup á samtals 32,2 milljónum hluta í Marel sem jafngildir 5,2% eignarhlut.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að innherjaupplýsingar hefðu myndast vegna kaupanna hjá Marel þann 23. september 2009 þar sem að á stjórnarfundum félagsins þann dag hafi stjórn félagsins heimilað og tekið ákvörðun um útgáfu nýrra hluta og sölu eigin bréfa til Columbia.

Mat Marel var að innherjaupplýsingar hefðu ekki myndast fyrr en að kvöldi 25. september. Þá hafi legið fyrir að kaupandi hafði fullan hug á að eignast bréfin, verðhugmyndir hafi verið orðnar nokkuð fastmótaðar og þ.a.l. hafi seljendur verið tilbúnir til þess að selja bréfin auk þess sem afhendingartími var ákveðinn þennan dag ásamt því að ljóst var orðið að ekki yrðu gerð frekari skilyrði af hálfu kaupanda.

Fjármálaeftirlitið taldi hins vegar að þær upplýsingar sem fram komu á stjórnarfundum félagsins hafi verið nægjanlega tilgreindar og nákvæmar í skilningi 120. gr. vvl. enda er þar tekið fram að selja eigi mikið magn hluta í félaginu, til hvaða aðila eigi að selja hlutina, hve marga hluti og með hvaða hætti, þ.e. með því að nota heimild til útgáfu nýrra hluta og sölu eigin bréfa, ásamt því að annað félag selji Columbia samhliða hluti sína í Marel. Fjármálaeftirlitið taldi að þó svo að ekki hafi legið fyrir fyrr en að kvöldi 25. september 2009 að samningar myndu nást við Columbia um kaup á hlutum í Marel, þá hafi upplýsingarnar verið þess eðlis að þær gæfu til kynna *aðstæður sem eru fyrir hendi* eða *sem ætla má að verði fyrir hendi* eða *atburð sem hefur átt sér stað* eða *sem ætla má að muni eiga sér stað*, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Innherjaupplýsingar hafi því myndast hjá félaginu þann 23. september sem félaginu bar að birta í samræmi við 1. mgr. 122. gr.

Fjármálaeftirlitið taldi einnig að Marel hefði borið að senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir þá aðila sem fengu aðgang að upplýsingunum en voru ekki á fruminnherjalista félagsins og tilkynna viðkomandi innherjum um það skriflega ásamt því að greina þeim frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð innherjaupplýsinga, sbr. 128. og 129. gr. vvl.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að framangreind háttsemi Marel hefði farið í bága við 1. mgr. 122. gr., 2. mgr. 128. gr. og 129. gr. vvl. Brot Marel fellur undir 36., 42. og 43. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl. og því bar að ljúka málinu með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun stjórnvaldssektar var litið til alvarleika brots, málsatvika og þess tíma sem brotið stóð yfir sem og sambærilegra mála. Með hliðsjón af framangreindu þótti hæfilegt að gera Marel stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 5.000.000,-.

Marel fór fram á að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins yrði afturkölluð þar sem félagið taldi ákvörðunina háða verulegum annmarka og þar með ógildanlega. Fjármálaeftirlitið féllst ekki á þau rök og vakti athygli á því að vilji aðili ekki una ákvörðun Fjármálaeftirlitsins getur hann höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.